GRINDAVÍKURVEGUR: FORNLEIFASKRÁNING VEGNA LAGFÆRINGA OG BREIKKUN VEGAR



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

HÖFUNDAR EFNIS: ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFADÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2018
FS698-18171

Ljósmynd á forsíðu er af rústum sem byggðar voru í tengslum við vegagerð eldri Grindavíkurvegar 1914-18 og símlagnar á sömu slóðum 1916. Ljósmynd og vinnsla: Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Garðar Guðmundsson

©2018
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
FAX: 551 1047
NETFANG: fsi@instarch.is
www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR 5

2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF 7

3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU 9

4. FORNLEIFASKRÁ 11

5. SAMANTEKT 33

HEIMILDASKRÁ 36

Viðauki

Hnitaskrá allra mælipunkta


Kort af fornleifum á og við áhrifasvæði

Samantekt

Í júní 2018 vann Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu innan áhrifasvæðis Grindavíkurvegar en til stendur að breikka og bæta veginn. Tekið var út 20 m breitt svæði beggja vegna við miðlínu núverandi vegar, samtals 40 m belti. Farið var um allt úttektarsvæðið og allar minjar innan þess skráðar en einnig voru skráðar minjar í næsta nágrenni þess ef friðhelgi minjanna (sem er 15 m belti) var nærri mörkum úttektarsvæðis. Áður en lagt var af stað voru loftmyndir skoðaðar og heimildir yfirfarnar. Alls voru skráðar 24 fornleifar (einingar) á 18 minjastöðum. Flestar minjanna tengjast elsta Grindavíkurveginum sem lagður var á svipuðum slóðum á árunum 1914-18. Auk sjálfs elsta vegstæðisins voru skráðar 14 fornleifar tengdar umræddri framkvæmd, þar á meðal nokkrir hlaðnir kofar sem notaðir höfðu verið sem geymslur, skjól og hesthús og styttri götur sem einnig tengdust vegagerðinni. Af öðrum skráðum minjum má nefna Skipstíg sem lá þvert yfir núverandi Grindavíkurveg, sel á Selhálsi og ýmsar óræðar minjar við veginn sem í sumum tilfellum gætu verið yngri en svo að þær megi með öryggi telja til fornleifa.

1. Inngangur

Vorið 2018 hafði Guðmundur Valur Guðmundsson forstöðumaður hönnunardeildar Vegagerðarinnar samband við Fornleifastofnun Íslands ses og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér skráningu á fornleifum í námunda við Grindavíkurveg sökum þess að til stæði að lagfæra og breikka veginn. Úttektarbeltið var 20 m svæði til beggja átta frá miðlínu núverandi vegar, samtals 40 m belti sem náði frá hringtorgi við Reykjanesveg og um 13 km leið, inn í Grindavík. Umrætt úttektarsvæði nær um landsvæði sem tilheyrir þremur sveitarfélögum (Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ og Sveitarfélaginu Voga) og nær yfir landareignir gömlu lögbýlanna Hóps (GK-016), Járngerðarstaða (GK-017), Innri-Njarðvíkur (GK-117) og Stóru-Voga (GK-123). Áður en deiliskráning var unnin vegna vegagerðar hafði



Úttektarsvæðið við Grindavíkurveg er merkt sem rauð lína á kortinu. Grunnkort Gísli Pálsson

farið fram aðalskráning á svæðinu en að auki vann Ómar Smári Ármannsson ítarlega samantekt um Grindavíkurvegi 2012 sem nokkuð kom við sögu í úttekt þessari.[1] Við

[1] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002. Kristborg Þórsdóttir. 2011. Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson. 2008 og Ómar Smári Ármannsson. 2012.

deiliskráningu 2018 var farið kerfisbundið um allt úttektarsvæðið og leitað að minjum, hvort sem heimildir voru um slíkar minjar eða ekki. Allar minjar voru auk þess mældar upp. Um vettvangsskráningu sáu þær Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir en Elín sá auk þess um úrvinnslu, kortagerð og ritun skýrslu.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna. Í lokakafla skýrslunnar er samantekt um helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna kort sem sýnir rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum

og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-017:027). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.


Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka áhrifasvæðis

„stórhættu vegna vegagerðar“ en aðrar minjar í nágrenni vegar en utan áhrifasvæði í „hættu“. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða.

Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

4. Fornleifaskrá

GK-016 Hóp

GK-016:017 *Selháls* tóft sel X 331795 Y 378730

"Vestan úr Hagafelli er hraunkvísl, sem eins og steypist fram af fellinu. Það heitir Gráigeiri, og er gamalt fiskimið Melhóll í Gráageira. Þar vestan í fellinu er svonefndur Selháls, sem vegurinn liggur yfir...Selháls er hryggur, sem tengir saman Hagafell og Þorbjörn. Þetta er sunnan við Dagmálaholtið," segir í örnefnaskrá AG. "Dagmálaholt mun vera kennt við eyktamark frá selinu á Baðsvöllum [sel frá Járngerðarstöðum skv. Jarðabókinni]. Einnig er Selháls kenndur við það sel...Fast við veginn eru seltættur, sem virðast yngri en hin selin," segir á öðrum stað í sömu heimild. Tóftin var fyrst skráð í aðalskráningu Grindavíkur 2012.

Ein seltóft er á þessum stað rétt ríflega 20 m austan við miðlínu Grindavíkurvegar. Það er um 670 m sunnan við afleggjara frá þjóðvegi að orkuveri. Tóftin er á aflíðandi hæð en austar tekur við brött hlíð. Umhverfis er mosa-, grasi-, og lyngivaxið.



Seltóft GK-016:039. Á ljósmynd er horft til VNV en á mynd til hægri er uppmæling tóftar en rauða línan lengst til vinstri markar af áhrifasvæði vegar en tóftin er fast austan þess.

Tóftin er um 12,2 x 4,6 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Vestasta hólfið er 1,5 x 1 m að stærð og snýr ANA-VSV. Op er austast á suðurvegg þess. Miðjuhólfið er 2,5-3 x 1 m að stærð og snýr ANA-VSV og er op á miðjum suðurvegg. Allra austast er svo þriðja hólfið sem er 1 x 1,5 að innanmáli og snýr NNA-SSV. Op er norðvestast á suðurvegg þess. Tóftin er gróin að utan en grjóthleðslur sjást að innan. Veggir hennar eru mjög stæðilegir og allt að 0,7 m á hæð. Ekki er að sjá fleiri tóftir í næsta nágrenni hennar en Ómar Smári getur um mögulega

stekkjarþúst nærri í umfjöllun sinni um Grindavíkurveg. Þær leifar fundust í það minnsta ekki við úttekt á 40 m belti við Grindavíkurveg sumarið 2018 en eru mögulega utan úttektarsvæðis.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hóp AG, 5, Ómar Smári. 2012, 252

GK-016:059 heimild um leið X 331956 Y 379967

"Sunnan hraunbrúnarinnar liggur gata að námum austan vegarins, í vesturhlíðum Svartengisfells. Þar voru námur vegavinnumanna - og annarra síðar," segir í greinargerð Ómars Smára um Grindavíkurvegi. Umræddur vegur hefur án efa verið á svipuðum slóðum og nú (2018) liggur malarvegur frá Grindavíkurvegi til austurs sunnan hraunjaðars en norðan í Svartsengisfelli/Sýlingarfelli. Ekki sjást merki um eldri götur á þessum stað en slóðin hefur legið frá Grindavíkurvegi og var því innan þess 40 m beltis sem tekið var út vegna breikkar Grindavíkurvegar 2018. Norðan við er hraun en norðar taka hlíðar Svartsengisfells við.

Slóði er nú á þessum slóðum en hann er frekar veigalítill og virðist hann ekki keyrður lengur. Ekki sáust önnur ummerki um leiðina innan úttektarsvæðis.



Slóðinn sem liggur frá Grindavíkurvegi á þeim stað sem götur voru farnar að námu við vegargerð 1914-1918 (GK-016:059). Horft til austurs

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ómar Smári Ármannsson. 2012, 252

GK-017 Járngerðarstaðir

GK-017:027 *Skipstígur* gata leið X 331089 Y 376060

1840: "Miðvegurinn, sem ýmist kallast Járngerðarstaða- eða Skipstígsvegur, liggur í útnorður fyrir sunnan Þorbjarnarfell, og er þá Þórðarfell, Súlur og Stapafell allt að vestan og sunnanverðu," segir í sóknarlýsingu frá því um 1840. "Sagt er að Junkarar hafi lagt upp í

Stórubót við Gerðavelli, upp af Skyggnir, vestan við Rásina. Þar voru á Gerðavöllum allmiklar hlaðnar girðingar gamlar...Á Gerðavöllum er allt fullt af görðum. Þeir eru hlaðnir á tvo vegu við vellina og eiga að vera eftir Junkarana, en þeir reru til skiptis eftir veðri úr Grindavík og Höfnum (Njarðvíkum), eftir því sem sögurnar segja. Fóru þeir með skipin á milli, og hét þar Skipstígur,"segir í örnefnaskrá AG.

Skipstígurinn lá frá Grindavík til Njarðvíkur. Ómar Smári Ármannsson fjallar ítarlega um stíginn í greinargerð sinni um Grindavíkurvegi og segir þar m.a. "Suðvestan við Lágafell greinist Skipsstígurinn í tvennt; annars vegar heldur hann beint áfram til suðausturs, að Hópi, og hins vegar til suðurs, að Járngerðarstöðum. Báðir stígarnir eru klipptir í sundur af girðingu er umlykur varnarsvæðið að norðanverðu. Ská má þá liðast um móana og vörðubrot við þá". Skipstígur var varðaður að hluta en hvorki sáust leifar af vörðum né heldur greinileg ummerki um stíginn þar sem hann þverar Grindavíkurveg og ljóst að núverandi vegur hefur máð ummerki um Skipstíg, hafi þau verið greinileg á þessum slóðum þegar vegurinn var fyrst lagður. Þess má til gamans geta að upphaflega var ráðgert að Grindavíkurvegur sem lagður var 1914-18 skyldi liggja á sömu slóðum og Skipstígur og er jafnvel mögulegt að einhverjar endurbætur á Skipstíg sem greinilegar eru á köflum samkvæmt Ómari Smára Ármannssyni hafi tengst þeim fyrirætlunum. Á endanum var Grindavíkurvegi hins vegar valið nýtt vegarstæði, á þeim slóðum sem hann liggur enn að mestu. Leiðin liggur um gróið hraunlendi.



Skipstígur er merktur með skilti við Grindavíkurveg en sjálfar göturnar eru ekki lengur greinilegar innan áhrifasvæði vegarins. Á ljósmynd er horft til VNV

Á því 40 m belti sem kannað var vegna breikkunar Grindavíkurvegar 2018 sáust engin merki Skipstíg en leiðin er merkt með skilti skammt vestan við Grindavíkurveg og hefur þverað veginn skammt norðan við þar sem gatan Suðurhóp liggur til austurs frá Víkurvegi.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 1-2, 4; Ö-Járngerðarstaðir ath., 3; SSGK, 129, Ómar

Smári Ármannsson. 2012, 68-70.

GK-017:127 hleðsla skemma X 332157 Y 383074

Grjóthlaðin tóft er um 800 m norðan við bílastæði austan Grindavíkurvegar (við Dolluna) en um 30 m vestan við miðlínu Grindavíkurvegar. Tóftin var fyrst skráð í aðalskráningu í Grindavík 2002. Tóftin er hluti af þeim mannvirkjum sem voru gerð þegar elsti Grindavíkurvegurinn var lagður 1914-1918 og samkvæmt Ómari Smára Ármannssyni var húsið geymsla eða smiðja. Mosagróin hraunkvos fast vestan vegarins.



Uppmæling á tóft GK-017:127.

Tóftin er hlaðin upp við hraunbrún sem liggur í sveig austur-vestur vestan Grindavíkurvegar en beygir svo til suðurs. Tóftin er norðvestan við brúnina og myndar hún suðausturhlið hennar. Op er á af grjóthleðslu í henni. Hleðslur standa grónar og eru mjög



Tóft GK-017:127. Á mynd til vinstri er horft til NNA en til norðurs á mynd til hægri.

mosagrónar. Í norðausturhorni tóftinni til suðurs og er það um 0,7 m á breidd. Hleðsluhæð er um 2 m og sjást allt að 12 umför er lágur skúti inn í hraunbunguna, varla meira en 0,5 m hátt op. Sprunga er í hraunbrúninni innan tóftar syðst en hlaðið hefur verið upp í hana Sprungan er aðeins um 0,5 m breið en 1 m djúp og myndar hún eins konar viðbót við tóft.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ómar Smári Ármannsson. 2012, 251.

GK-017:133 hleðsla hlutverk óþekkt X 331956 Y 386009

Samsafnað grjót/grjóthleðsla er um 26 m vestan við miðlínu Grindavíkurvegar en um 1.15 km sunnan við þar sem afleggjari liggur frá Grindavíkurvegi til vesturs, sunnan við Selvatn. Svæðið er rennislétt og virðist sléttað. Þar vex talsverður mosi.



Hleðsla GK-017:133. Á uppmælingu til vinstri má sjá afstöðu hleðslunnar og áhrifasvæðis en hleðslan er um 6 m vestan (utan) við áhrifasvæðið. Á ljósmynd er horft til VNV.

Grjótröndin er um 3,8 m löng en er 1,2 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi grjót hefur verið týnt saman á þessum stað. Greinilegt er að um mannaverk er að ræða en að öllum líkindum er það ungt.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-017:134 tóft hlutverk óþekkt X 332019 Y 384832


Hleðsluleifar eru um 37 m vestan við miðlínu Grindavíkurvegar en 2,3 km sunnan við þar sem vegarslóði liggur frá Grindavíkurvegi og til vesturs sunnan við Seltjörn. Ómar Smári getur um



Hleðslur GK-017:134. Á mynd til vinstri er horft til SSA en á mynd til hægri till ASA.

hleðslurnar í greinargerð sinni um Grindavíkurvegi og kallar þær "þrjár hlaðna skjólgarða" Á þessum stað er mosavaxið og nokkuð úfið hraunlendi.

Hleðslurnar eru hlaðnar norður undan hraunbrún og ná þær yfir svæði sem er 24 x 6 m stórt og snýr norðausturs-suðvesturs. Austast er U-laga gerði sem opið er til norðvesturs. Það er 6 x 4 m stórt og snýr NNV-SSA. Frá þessu gerði eru um 10,5 m til suðvesturs að öðru gerði minna en á milli markar hraunbrúnin svæðið á milli hleðslanna til suðausturs og myndar þannig aðhald. Suðvestari hleðslan markar einnig af ferhyrnt svæði og er opin til norðvesturs. Umrætt svæði er samtals 8 x 5,8 m stór. Suðvesturhluti gerðisins er uppi á hraunbungunni suðaustast. Mannvirkin eru hlaðin úr hraunhellu og er hleðslan víða um 1 m á breidd en 1,5 á hæð þótt hún nái hærra þar sem hún er hlaðin ofan á brúnina. Mest sjást 6-8 umför af grjóthleðslu. Ekki er fullvíst að þessar hleðslur tengist vegagerð við Grindavíkurveg 1914-18 en það verður að teljast líklegt.



Uppmæling á tóftum GK-016:134.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ómar Smári Ármannsson. 2012, 251

GK-017:135 gata leið X 332050 Y 384675

Óljós slóði er 14 m vestan við miðlínu Grindavíkurvegar og rúmum 140 m norðan við þúst 136. Slóðin hlykkjast til vesturs og klofnar (norður-suður) tæpum 250 m vestan við úttektarsvæðið. Slóðin sést einna best á gróðurfari, mosi er horfinn þar sem slóðin hlykkjast í gegnum hraunið en er að stærstu leyti utan þess svæðis sem var til úttektar vegna vegbóta á Grindavíkurvegi 2018. Slóðinn eða leiðin kemur aftur inn á úttektarsvæðið tæpum 1,6 km sunnar, í lýsingu þessari fá angar slóðans tveir sem ná inn á áhrifasvæði vegar númer til aðgreiningar og er nyrðri hluti slóðans því 017:135_1 en syðri hlutinn 017:135_2. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi slóðinn var gerður.

Vestan við Grindavíkurveg er mosavaxið og nokkuð úfið hraunlendi. Fast við veginn hefur því verið rutt út og svæði sléttuð. Slóðin/leiðin sést á tveimur stöðum innan úttektarsvæðis vestan við Grindavíkurveg. Slóði 135_1 er norðar. Hann liggur til vesturs frá



Slóði GK-017:135. Á ljósmynd til vinstri er slóði 035a, horft til vesturs en slóði 035b á mynd til hægri (horft til vesturs).

Grindavíkurvegi og er 2,7 m á breidd. Slóðinn er lítið annað er rof í gróðurþekju (mosa) en hraunið er ekki rutt eða undirlagið lagfært á neinn hátt. Leiðin sjálft er grýtt, mishæðótt og ófær öllum farartækjum. Sami slóði (135_2) liggur inn á áhrifasvæði Grindavíkurvegar um 1,6 km sunnar og sést 13 m vestan við miðlínu núverandi vegar. Leiðin lykkjast áfram til vesturs, langt út fyrir úttektarsvæðið. Mosinn er úttektarsvæðisins horfinn í úfnu hrauninu og liggur yfir klappir, holur og steina. Leiðin er mikið röskuð innan sést þó með góðum vilja.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


GK-017:136 þúst hlutverk óþekkt X 332107 Y 384542

Hringlaga þúst er 11 m vestan við miðlínu Grindavíkurvegar, fast austan við malbikaðan hjólastíg sem liggur til norðurs frá Bláa lóninu. Hún er á milli Grindavíkurvegar og hjólastígsins, á mosavöxnu svæði. Hjólastígurinn tekur sveig til vesturs framhjá þústinni og greinilegt að tekið var mið af staðsetningu hennar er stígurinn var lagður fyrir nokkrum árum.



Þúst GK-017:036. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðurs en til vesturs á mynd til hægri

Á þessum stað er mosavaxið og nokkuð úfið hraunlendi. Lúpínubreiða er skammt sunnar. Þústin er 3 m í þvermál, 0,1 - 0,2 m á hæð og er grjóthlaðin. Hún er hringlaga og það má sjá 2-3 umför af grjóthleðslu í henni. Þústin er mosavaxin en það glittir í grjót hér og þar ofan á henni. Þar er jafnframt hola í henni miðri, um 10 cm í þvermál. Tilgangur þústarinnar er óþekktur en mögulegt að einhvers konar merki eða skilti haf staðið á þessum stað.



Þúst GK-017:136. Rauða línan til hægri er miðlína vegstæðis en línan til vinstri mörk áhrifasvæðis

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

GK-017:137 varða hlutverk óþekkt X 332150 Y 383400

Lítil varða er um 15 m vestan við miðlínu Grindavíkurvegar, fast vestan við reiðhjólastíg sem er samsíða Grindavíkurvegi á þessum slóðum. Varðan er tæpum 330 m norðan við minjar 127 og sést vel frá Grindavíkurvegi.


Varða GK-017:135. Á ljósmynd til vinstri er slóði 035a, horft til vesturs en slóði 035b á mynd til hægri (horft til vesturs).

Fast austan við vörðuna er hjólastígur en vestan hennar tekur við mosavaxið, og á kafla nokkuð úfið hraun. Varðan er fremur óveruleg. Hún er samsett úr 15-20 steinum sem eru skófum og að hluta mosavaxnir. Hún er um 0,4 m á hæð en tæpur 1 m í þvermál. Hvorki er

vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin né hversu gömul hún er en líklega er hún fremur ung.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

GK-017:138 heimild um leið X 332169 Y 382662

"Vegur, um 3-400 metra langur, liggur til austurs frá Grindavíkurvegi inn að Arnarsetri norðan Gíghæðar. Akvegur hefur verið lagður ofan á vagnveg, þann veg fóru vegagerðarmennirnir þegar sóttur var ofaníburður í gjallgígana í Arnarsetri," segir í greinargerð Ómars Smára Ármannssonar um Grindavíkurvegi. Vagnvegurinn er horfinn innan áhrifasvæðis Grindavíkurvegar, yfir honum er uppbyggður malarvegur að námunni.



Vagnvegur GK-017:138 lá á þeim slóðum sem nú er akvegur frá Grindavíkurvegi. Horft til austurs

Á þessum stað er mosavaxið og nokkuð úfið hraun. Engin ummerki um vagnveginn sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ómar Smári Ármannsson. 2012, 251

GK-017:139 varða hlutverk óþekkt X 332055 Y 380523

Tvær nýlegar vörður eru 20 m austan við miðlínu Grindavíkurvegar en fleiri eldri vörður sjást fjær vegi og utan úttektarsvæðis. Hlutverk þeirra er óþekkt og mögulega eru þær of ungar til þess að teljast til fornleifa. Þær fá þó að njóta vafans og eru hér skráðar hér með. Vörðurnar



Varða GK-017:139 A til vinstri (horft til VSV) en varða B til hægri (horft til austurs).


eru í vegöxl, austan við þær er úfið og mosavaxið hraun.

Vörðurnar eru á svæði sem er 10 x 2 m og snýr norður-suður. Lýsingin hefst sunnar, á vörðu 1. Hún er 2 x 1 m að grunnflatarmáli og 0,3 m á hæð. Vaðan er fremur illa hlaðin. Um 3 m norðar er varða 2. Hún er lítið annað en grjóthrúga, 2x2 m að grunnfleti og 0,3 m á hæð. Það má með góðum vilja greina 2-3 umför í henni.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

GK-017:140 *Arnarsetursbúðir* tóftir hesthús/geymsla o.fl. X 332124 Y 382277

Talsverðar tóftir eru í hvammi í hraunin austan Grindavíkurvegar, til móts við þar sem er nú bílastæði við Dolluna/Tanahelli. "...rétt austan vegarins, er hlaðið hús, hesthús vegagerðarmanna [140_01], ofan í hraunrás. Stígur [140_02] liggur frá því til suðurs og beygir síðan til austurs, að öðru hlöðnu, heillegu húsi, smiðju [140_04]. Á millum eru tvö



Minjasvæði GK-017:140

önnur hlaðin hús, svo til heil [sambyggð 140_03]. Annað var hesthús og hitt var læst verkfærageymsla. Austan við þau er rutt, skeifulaga svæði [140_05]. Það hefur líklega verið notað undir tjald og/eða til járninga. Þar má a.m.k. sjá stein, sem notaður var til þeirra verka," segir í greinargerð Ómars Smára Ármannssonar um Grindavíkurvegi. Hér verður öllum mannvistarleifum lýst saman en hverri einingu gefinn tölustafur til aðgreiningar.

Mosagróinn hvammur eða hraunkvos fast austan Grindavíkurvegar. Hraunkvosin er L-laga og er talsvert lausagrjót í hlíðum hennar sem eru mosavaxnar.

Hvilftin er L-laga og er sá hluti hennar sem liggur samsíða Grindavíkurvegi gróflega áætlað 26 m langur og snýr norður-suður en hinn hluti kvosarinnar liggur til austurs frá suðurenda þeirrar fyrrnefndu og er um 40 m langur. Tóftirnar eru á svæði sem er um 45 x 30 m stórt norðvestur-suðaustur. Ekki er ólíklegt að fleiri tóftir gætu hafa verið á svæðinu áður en uppbygging Grindavíkurvegar hafi skemmt þær.



Minjasvæði GK-017:140, mynd tekin með dróna

Hér hefst lýsingin nyrst á svæðinu, á tóft 140_01. Hún er í norðurenda hvilftarinnar og er sem fyrr segir hesthús. Tóftin er aðeins um 16 m austan við miðlínu Grindavíkurvegar. Hún er 6,7 x 5 m stór og op er á miðjum suðurvegg hennar. Að innanmáli er tóftin 5,2 x 2,2 m stór og gengur jata eftir öllum norðurveggnum. Jatan um 0,6 m há en 15-25 cm breið. Tóftin er

byggð inn í brekkuna að norðan. Veggir eru grjóthlaðnir og stæðilegir og hleðslan vönduð. Hún er allt að 2,5 m á hæð og sjást mest 10-12 umför. Steinar eru vaxnir mosa og skófum.



Tóft GK-017:140_01. Á ljósmynd til vinstri er slóði 035a, horft til VSV en á mynd til hægri til austurs

Samkvæmt lýsingu Ómars Smára lágu götur 140_02 frá þessari tóft og eftir allri kvosinni á milli tófta. Hann er þó óskýr næst hesthúsinu 140_01 og verður ekki greinilegur fyrr en kvosin sveigir til austurs. Hugsanlegt er að hann eða gata frá honum hafi þar legið úr austurhluta kvosar og til vesturs, beint undir núverandi Grindavíkurveg. Greinilegasti hluti götunnar er sá hluti sem liggur norðarlega í austanverðum hvamminum, norðan við tóft 03 og að tóft 04. Þessi hluti er um 24 m langur og er hann sneiðingur í norðurhlíð kvosarinnar um 1 m á breidd en 0,8 m á hæð.



Slóði GK-017:140_02. Á ljósmynd til vinstri er horft til vesturs en til VNV á mynd til hægri

Tóft 140_03 er um 25 m SSA við tóft 140_01. Hún tvískipt og skiptist annars vegar í hesthús sem er vestar og um 27 m austan við miðlínu Grindavíkurvegar. Sambyggt hesthúsinu að austan er svo annað hólf sem samkvæmt Ómari Smára var læst geymsla. Saman eru húsin 9 x 4,7 m stór og snúa austur-vestur. Þau eru byggð upp við hraunkvosina að sunnanverðu. Hesthúsið er 2,8 x 2,1 m að innanmáli og er op á miðjum norðurvegg þess. Jata er meðfram austurvegg hússins. Suðurveggur þess er að hluta til markaður af hrauninu sunnan við en hleðslurnar eru þó mjög stæðilegar í suðurvegg og má af þeim sjá að húsið hefur verið með mænisþaki. Eystra húsið er 2,4 x 1,9 m að innanmáli. Op er á því austarlega á norðurvegg. Vesturhluti norðurveggjar er lægri en aðrir hlutar hússins og kann að hafa



Tóft GK-017:140_03. Á ljósmynd til vinstri er horft til SSA en til vesturs á mynd til hægri

verið þil fyrir því að hluta. Suðurveggur hússins er alveg markaður af klettavegg. Húsin eru hlaðin úr hraungrýti og eru hleðslur stæðilegar, allt að 2,5 m á hæð þar sem mest er og vandlega hlaðnar.



GK-017:140_04 (til vinstri, horft til norðurs) og GK-017:140_05 (til hægri, horft til austurs)


Tóft 140_04 er austarlega í kvosinni, byggð upp við norðurhlíð hennar um 14 m norðaustan við tóft 140_03. Tóft 140_04 45 m austan við miðlínu Grindavíkurvegar og um 13 m norðaustan við tóft 140_03. Hún er einföld og stæðileg rúmlega 5 x 4 m að stærð og snýr h.u.b. austur-vestur. Tóftin er um 3 x 1,8 m að innanmáli og er op á henni syðst á vesturvegg. Norðurhlið hennar er alveg mörkuð af klettavegg sem slútir aðeins yfir tóftina. Líkt og aðrar tóftir á þessum stað er hún mjög stæðileg og eru grjóthleðslur allt að 2,5 m háar og vandlega hlaðnar. Um 2-3 m sunnan við tóft austurhluta tóftar 140_04 er slétta í hvamminum sem virðist manngerð eða rudd. Hún er 4 x 3,6 m að stærð og er stakstæður steinn, upp á rönd, á flötinni nálægt miðju.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ómar Smári Ármannsson. 2012, 251

GK-017:141 tóftir hlutverk óþekkt X 331997 Y 380976

Í kvosinni milli Grindavíkurvegar og Norðurljósavegar að Bláa lóninu eru tvær tóftir/gerði. Sú sem nær er Grindavíkurvegi er tæpum 40 m vestan miðlínu vegarins. Tóftirnar eru um 40 m norðan við Norðurljósaveg.



Tóft GK-017:141_01-02. Á ljósmynd er horft til austurs.

Tóftirnar eru í mosavöxnu, en nokkuð úfnu hrauni. Hjólastígur liggur á þessum slóðum samsíða Grindavíkurvegi að vestan og hefur hann verið lagður í sveig fram hjá tóftinni en liggur þó of nærri vesturhlið hennar og virðist aðeins hafa skemmt hana.

Tóftirnar eru á svæði sem er 16 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóft 141_01 er mun stæðilegri og í raun mætti kalla það lítið gerði 8,7 x 7,4 m að stærð og snýr austur-vestur. Innanmál gerðisins 5 x 4 m og er op á því syðst á austurvegg. Gerðið er einfalt og hlaðið úr hraungrýti. Hleðslur þess eru stæðilegar og mest 2,5 m á hæð. Hraunið er mosavaxið. Um 2,5 m ANA við gerði 01 er lítil tóft, hún er 12 m frá jaðri vegaxlar Grindavíkurvegar. Hún er byggð upp við hraunbrún að norðaustan en norðvestur- og suðausturveggir hennar eru hlaðnir. Tóftin er opin til suðvesturs. Hún er 3-3,5 m á kant og hlaðin úr hraungrjóti. Líklegast hafa tóftirnar tvær verið byggðar í tengslum við lagningu Grindavíkurvegar 1914-18 en ekki er vitað um nákvæmt hlutverk þeirra þótt Ómar Smári Ármannson stingi upp á því í umfjöllun sinni um Grindavíkurvegi að vegagerðarmenn hafi byggt sér skjól á þessum stað. Samkvæmt honum notuðu þeir sem lögðu símalögn til Grindavíkur árið 1916 sér skjólið við lagninguna.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ómar Smári Ármannsson. 2012, 252

GK-017:142 gerði hlutverk óþekkt X 331938 Y 380209

Stórt gerði, hlaðið úr hraungrýti er um 38 m vestan við miðlínu Grindavíkurvegar nálega til móts við þar sem bílastæði er austan við veginn og um 800 m norðan við þar sem Orkubraut liggur af Grindavíkurvegi til austurs. Samkvæmt greinargerð Ómars Smára Ármannssonar um Grindavíkurvegi taldi hann líklegast að gerðið hefði verið hlaðið að símamönnum sem unnu að lagningu síma til Grindavíkur árið 1916. Gerðið er í úfnu og mosavöxnu hraunlendi.



Gerði GK-017:142. Á ljósmynd er horft til austurs

Gerðið er um 9 x 9 m stórt og það er einfalt en op er á því til norðvesturs. Að innanmáli er gerðið 6-6,5 m á kant. Það er hlaðið úr hraungrýti og er mjög stæðilegt, er um 2,2 m á hæð þar sem mest er. Veggir eru talsvert hrundir inn í gerðið á kafla og í verstu ástandi í námunda við opið.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ómar Smári Ármannsson. 2012, 525

GK-017:143 tóftir X 332055 Y 380523

Tvær grjóthlaðnar tóftir eru um 18 m austan við miðlínu Grindavíkurvegar og tæpum 30 m norðan við tóft 142. Tóftirnar eru hluti af þeim mannvirkjum sem voru gerð þegar elsti Grindavíkurvegurinn var lagður 1914-1918 samkvæmt Ómari Smára Ármannssyni. Syðri tóftin er ofan í jarðfalli og sést ekki frá veginum. Tóftirnar eru í úfnu og mosavöxnu hrauni.



GK-017:143. Á ljósmynd til vinstri er slóði tóft 1 (horft til ANA) en tóft 2 til hæri (horft til SA).

Tóftirnar eru við jarðfall og eru önnur þeirra ofan í því. Hin er byggð upp við hraunbrún. Tóftirnar eru á svæði sem er 25x5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóft 1 er norðar og sést frá veginum. Hún er byggð fast vestan við hraunbrún og jarðfall er skammt sunnan hennar. Tóftin er 4,5 x 4,5 m að stærð, einföld og opin til vesturs. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð, norðurveggurinn sést einna best. Í þeim má sjá 2-3 umför af grjóthleðslu.



Uppmæling af tóftum GK-017:143

Vesturveggurinn er horfinn sem og hluti af suðurveggnum. Hér og þar fara hleðslurnar upp á hraunbrúnina. Mikið grjót er fyrir vestan tóftina og opið, mögulega úr veggjum. Tóft 2 er 20


m sunnar, ofan í jarðfallinu. Hraunbrún afmarkar tóftina til allra átta nema austurs, þar er hleðsla. Hún er 0,5-0,6 m á hæð og hægt er að greina 3-4 umför af grjóti. Hraunbrúnin er brött, grýtt og 2-3 m á hæð. Tóftin er opin til NNV. Farið var ofan í jarðfallið milli tveggja hraunhryggja og þaðan er greiðfær leið, bæði fyrir menn og hesta, að tóft 2.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ómar Smári Ármannsson. 2012, 252

GK017:144 *Dátahellir* náttúrumin X 332137 Y 382364

"Norðan í því er svonefndur Dátahellir. Í hellinum fundust bein og fataleifar, hnífur, beltissylgja o.fl. af bandarískum dáta, sem hvarf þarna í hrauninu. Beinagrindin fannst þarna fyrir innan stein sem nemur við hellismunnann," segir í greinargerð Ómars Smára Ármannssonar um Grindavíkurvegi. Jarðfall er 90 m norðan við Arnarsetursbúðir 140, um 25 m austan við miðlínu Grindavíkurvegar. Í því er svonefndur Dátahellir sem er lítið annað er skúti.



Dátahellir GK-017:144. Á ljósmynd er horft til norðurs

Jarðfallið er 16x8 m að stærð og snýr norður-suður. Það er 2-5 m djúpt og skútar og gjögur eru meðfram og undir allri brúninni. Stórgrýti og steinar eru í miðjunni. Fyrrnefndur skúti sést enn, norðarlega í jarðfallinu en rétt er að geta þess að staðurinn telst ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilningi.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


Heimildir: Ómar Smári Ármannsson. 2012, 251

GK-117 Innri-Njarðvík

GK-117:064 hleðsla hlutverk óþekkt X 331956 Y 379967

Þúst er tæpum 26 m austan við miðlínu Grindavíkurvegar, uppi á lágri hæð. Þústin sést vel en hlutverk hennar er óþekkt. Mosavaxin hæð með þunnri gróðurhulu.

Óræðar minjar eru á þessum stað. Mest áberandi er stór, stakstæður steinn sem ofan á hefur verið raðað nokkrum steinum, þó of óverulegum til að hægt sé að tala um hleðslu.



Samtíningur steina GK-117:064. Á ljósmynd er horft til austurs

Hann er 2,8x2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Umhverfis hann er um 1 m breið, jarðlæg hleðsla eða samtíningur steina sem liggur allt í kringum steinninn. Steinarnir ná aðeins 0,1 m upp úr jörðinni. Mögulegt er að þarna hafi verið týndir saman steinar sem nota átt í hleðslur síðar og til stóð að ná í á sleða yfir vetrartímann en þó er ekki hægt að fullyrða um tilgang þessa mannvirkis. Ljóst er þó að þarna hafa steinar verið týndir saman í einhverjum tilgangi.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-661 Fornleifar á fl. en 1. jörðu

Fornleifar á fleiri en einni jörðu, Grindavíkurhreppi

GK-661:001 *Grindavíkurvegur* vegur leið X 331885 Y 387104

Á árunum 1914-1918 var lagður akfær kerruvegur milli Grindavíkur og Vogastapa. Ómar Smári Ármannsson hefur fjallað talsvert ítarlega um veglagningu þessa, aðdraganda hennar og framkvæmd í greinargerð sinni Grindavíkurvegar. Hér verður aðeins stiklað á því helsta. Vegurinn var á mjög svipuðum slóðum og núverandi Grindavíkurvegur og er víða undir honum. Hann sést þó á löngum köflum í námunda við núverandi veg. Ástæða þess að menn

réðust í veglagninguna var m.a. sambærileg vegagerð annars staðar (s.s. milli Hafnarfjarðar



Ummerki um eldri Grindavíkurveg eru merkt með svörtu á loftmyndina en rauða línan sýnir áhrifasvæði vegar.

og Keflavíkur) og slys sem höfðu orðið á ferðmönnum á þessum slóðum (Tómas Snorrason. 1929:77). "Vegarstæðið var mælt og kostnaðaráætlun gerð af Sigurgeiri Gíslasyni verkstjóra í

Hafnarfirði sem síðan hafði umsjón verksins á hendi. [...] Hreppurinn tók að sér að greiða 1/4 af kostnaðinum. [...] Sýslunefnd Gullbringusýslu lagði fram 1/4 kostnaðar og Landsjóður helming kostnaðar, ... [...] Á vegarlagningunni var byrjað vorið 1914 og lokið 1918. Alls mun framlag hreppsins hafa verið rúmar 20 þúsund krónur, fór það langt fram úr áætlun sem vonlegt var, því áætlunin var gjörð áður en stríðið skall á, en verkið framkvæmt á stríðsárunum," segir í samantekt um Grindavíkurvegi. Upphaflega virðist hafa verið ráðgert að leggja veginn á svipuðum slóðum og Skipstíg (GK-017:027) en frá því var fallið á síðari skipulagsstigum og ákveðið að leggja veginn á þeim slóðum sem hann er enn, en ekki hafði áður legið vegur þar (Ómar Smári Ármannsson. 2012, 232-233). Hafist var handa við vegagerðina frá Keflavíkurvegi og fikrað sig til suðurs ár hvert. Við vegagerðina unnu að jafnaði 35-48 menn og voru 13-16 hestar notaðir við vinnuna sem unnin var frá vori og fram



Leifar af eldri Grindavíkurvegi GK-661:001. Á myndunum er horft til suðurs

á haust árin fimm (Ómar Smári Ármannson. 2012, 237). Samkvæmt samtímalýsingum voru stórir kaflar vegarins mestmegnis undirbyggðir úr mold en smákaflar úr grjóti eingöngu. Vegurinn var lagður með grjótmulningi "púkklagður" og var ofaníburðurinn vikursandur eða mulin hraunurð. Gamli Grindavíkurvegurinn var í heild sinni 16 km langur (Ómar Smári Ármannson. 2012, 249) og stór hluti hans er innan áhrifasvæðis Grindavíkurvegar, eða um 11 km í heild sinni. Hlutar hans eru horfnir þar, m.a. undir núverandi veg og við vegaframkvæmdir. Vegurinn var einungis rakinn innan áhrifasvæðis Grindavíkurvegar. Grindavíkurvegur er í úfnu og mosavöxnu hraunlendi.

Gamli vegurinn er innan áhrifasvæðis Grindavíkurvegar á um 11 km löngum kafla en ekki varðveittur alls staðar. Í greinargerð Ómars Smára Ármannssonar um Grindavíkurvegi (2012, 249) segir að vegurinn sjáist í hrauninu austan við núverandi veg, á móts við Seltjörn.

Við Gíghæð hverfi vegurinn undir núverandi þjóðveg en komi aftur í ljós sunnan við afleggjara að Bláa lóninu, þá vestan við veginn og liggi niður Selháls. Í lýsingu þessari fá hlutar vegarins tölustarf til aðgreiningar og byrjað er nyrst.Hluti 1 er vestan við Grindavíkurveg. Vegurinn liggur í boga til suðausturs og rúmir 20 m eru innan áhrifasvæðis. Vegurinn er 5 m á breidd og akfær; möl og vikur er áberandi á yfirborði. Hluti 2 kemur í ljós beint austan Grindavíkurvegar á móts við hluta 1 og tæpir 19 m eru innan áhrifasvæðis. Hann er eins og hluti 1, vikur og möl eru áberandi á yfirborði. Hluti 3 kemur aftur inn áhrifasvæðið um 950 m sunnar, austan við Grindavíkurveg. Hægt er að rekja hann á tæplega 620 m löngum kafla, í jaðri áhrifasvæðisins. Vegurinn er 5,5 m á breidd og ruddur í gegnum hraunið. Hann er sléttur og grjótruðningur, 0,2-0,4 m á hæð er meðfram honum til beggja átta. Girðingarundirhleðsla liggur eftir miðjum veginum og má segja að hún skipti honum í tvennt. Hún er 0,2 m á hæð og hægt að greina 1-2 umför í henni. Hluti 4 kemur í ljós tæpum 2 km sunnar, skammt norðan við tóft GK-017:027. Hann sést á um 230 m löngum kafla uns hans fjarar út í vegöxlina til suðurs. Hluti 5 er um 250 m sunnar. Þessi kafli er 550 m langur og er upphlaðinn yfir jarðföll og lægðir. Smágrýti var notað við vegagerðina og má greina um 10-20 umför. Vegurinn er 0,5 m á hæð á þessum kafla. Hann er sem fyrr um 5 m breiður, sléttur og mosavaxinn. Meðfram honum sjást ruðningar og stöku hleðslur í kantinum. Vegur GK-017:138 liggur m.a. þvert yfir veginn sem hverfur við Dátahelli GK-017:144. Hann sést skammt sunnar á ný, á móts við minjar GK-017:140 uns hann fjarar út í vegöxl. Hluti 6 er 240 m sunnar. Hann er um 550 m langur og er í jaðri úttektarsvæðisins að stórum hluta. Vegurinn kemur aftur í ljós (Hluti 7) um 220 m sunnar og sem fyrr er hann austan við Grindavíkurveg, í jaðri áhrifasvæðisins. Þessi kafli er um 400 m langur uns hann fjarar út í vegöxlina, skammt norðan við minjar GK-017:141. Nokkuð sunnar mótar fyrir veginum hér og þar í vegöxlinni en það svæði er mikið raskað og ekki var hægt að rekja hann með góðu móti. Sunnan við afleggjarann að Bláa lóninu sést gamli vegurinn aftur (hluti 8), nú vestan við Grindavíkurveg. Hluti 8 er um 200 m langur og afar óljós. Vegurinn er sléttur og sést sem grýttur malarslóði. Hann hverfur vegna rasks á tæplega 300 m löngum kafla en eftir það er hægt að rekja hann vestan Svartsengisfjalls (hluti 9). Sá hluti er 600 m langur uns hann sveigur til vesturs og fer utan áhrifasvæðis. Þarna er vegurinn malarborinn og lítið sést af grjóti. Hann er m.a. nýttur sem reiðvegur. Hluti 10 kemur aftur innan áhrifasvæðisins sunnan við Selháls og liggur niður Hesthúsbrekku. Einungis 100 m eru þar innan áhrifasvæðisins. Eftir það er vegurinn horfinn í yngri vegargerð.


Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Tómas Snorrason. 1929, 76-78, Ómar Smári Ármannsson. 2012, 223-255

5. Samantekt

Grindavíkurvegur liggur til suðurs frá Reykjanesbraut og að Grindavík og liggur að mestu yfir mosavaxið en á köflum nokkuð úfið hraun. Á þeim kafla hans sem rís hæst er lítilla mannvistaleifa að vænta, nema þeirra sem tengjast eldri vegagerð og leiðum. Til suðurs og norðurs taka við grónari svæði sem nýtt hafa verið til útbeitar og húsdýrahalds á fyrri öldum en stærstur hluti þeirra er utan áhrifasvæðis, ef frá er talinn Selháls en þar er seltóft (GK-016:059) við jaðar áhrifasvæðis.

Við skráningu sumarið 2018 var tekið út 13 km langt og 40 m breitt úttektarsvæði. Úttektarbeltið náði í um 20 m til beggja átta frá miðlínu núverandi vegar. Samtals voru skráðar 24 fornleifar á 18 minjastöðum innan beltisins og við það. Allar minjar innan beltis (sem voru á bilinu 0-20 m frá miðlínu núverandi vegar) töldust í stórhættu í úttekt þessari en aðrar minjar (20-50 m frá



Horft yfir Grindavíkurveg, frá Grindavík og til norðurs, í átt að Reykjanesbraut. Af loftmyndinni má fá hugmynd um náttúru- og gróðurfar á úttektarsvæðinu

miðlínu) í hættu vegna framkvæmda þar sem slíkum minjum er getur verið hætta búin vegna

umferðar vinnuvéla og annars rasks sem gjarnan fylgir framkvæmdum þótt rétt sé að ítreka að með aðgát ætti að vera auðvelt að hlífa öllum umræddum minjum við nokkru hnjaski. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir þá minjastaði sem voru skráðir, fjarlægð þeirra frá miðlínu og hlutverk þeirra. Helmingur minjastaðanna, 10 staðir töldust í stórhættu en aðrir minjastaðir í hættu.

Númer	Fjárlægð frá miðlínu (m)	Hlutverk	Hættumat
GK-016:059	0	leið	Stórhætta
GK-017:027	0	leið	Stórhætta
GK-017:138	0	leið	Stórhætta
GK-661:001	0	leið	Stórhætta
GK-017:136	11	þúst	Stórhætta
GK-017:140	16	3 tóftir og gata	Stórhætta
GK-017:143	18	tóftir	Stórhætta
GK-016:017	rúml. 20	seltóft	Stórhætta
GK-017:137	15	varða	Stórhætta
GK-017:139	20	tvær vörður	Stórhætta
GK-017:144	25	hellir	Hætta
GK-017:133	26	hleðsla	Hætta
GK-117:064	26	Samsafn steina	Hætta
GK-017:127	30	kofi	Hætta
GK-017:134	37	kofi	Hætta
GK-017:142	38	gerði	Hætta
GK-017:141	39	kofi	Hætta
GK-017:135	46	leið	Hætta

Tafla 1: Minjastaðir innan og við áhrifasvæði

Grindavíkurvegur á sér aldarlanga sögu. Elsti vegurinn á þessum slóðum var lagður á árunum 1914-18 og eru minjar hans og ýmissa mannvirkja sem reist voru í tengslum við vegargerðina mest áberandi innan áhrifasvæðis. Nánari umfjöllun um veginn og mannvirki honum tengd er að finna í fornleifaskránni en hér vísast einnig í ítarlega úttekt Ómars Smára Ármannssonar á veginum, sögu hans og aðdraganda vegagerðarinnar, sem unnin var fyrir Vegagerðina.

Þær minjar sem skráðar voru reyndust misnærri miðlínu úttektarsvæðis. Núverandi Grindavíkurvegur sker bæði gamla Grindavíkurveg (661:001) og Skipstíg og er ljóst að vegurinn og endurbætur á honum hafa þegar grandað einhverjum af þeim mannvirkjum sem byggð voru í tengslum við upphaflega vegagerð auk þess sem núverandi vegur hylur hluta eldri vegar. Tvær aðrar leiðir (GK-016:029 og GK-017:138) sem tengjast vegagerðinni 1914-18 voru einnig fast við

Grindavíkurvegi. Báðar göturnar lágu til austurs í efnisnámur en eru nú horfnar í umrót vegna vegaframkvæmda.

Aðrar fornleifar sem skráðar voru reyndust fjær núverandi vegi. Næst vegi er ógreinleg þúst (sem ekki er getið í heimildum) sem er um 11 m frá miðlínu núverandi vegar og við hjólastíg (GK-017:136) og vörðubrot (GK-017:137) um 15 m vestan við miðlínu vegar. Umfangsmeiri leifar reyndust 15 m austan við miðlínu vegar, skammt frá Tanahelli. Þar er hesthústóft frá vegargerðarmönnum 1914-18 (GK-017:140_01) sem er um 16 m frá miðlínu núverandi vegar og er hluti af fallegri minjaheild í hvammi skammt austan við Grindavíkurveg. Aðrar minjar eru fjær miðlínu vegarins. Um 18 m frá veglínunni eru tóftir (GK-017:143) sem líklegast tengjast lagningu Grindavíkurvegar 1914-18 eða símalínulagnar frá 1916 og um 20 m frá miðlínu er sel á Selhálsi (GK-016:017) og tvær vörður sem virðast fremur ungar (GK-017:145). Aðrar minjar eru á bilinu 21-50 m frá miðlínu Grindavíkurvegar og ættu því að teljast í minni hættu af þeim sökum þótt brýnt sé að þær séu merktar inn á kort og mögulega girtar af til að tryggja það að þær skemmist ekki af vangá við framkvæmdir við veginn. Ljóst er að nokkrum minjum stafar ógn af endurbótum Grindavíkurvegar og er það Minjastofnunar Íslands að úrskurða um áhrif framkvæmda á fornleifar og mögulegar mótvægisaðgerðir.

Heimildaskrá

Agnes Stefánsdóttir. 2008. *Svartsengi – Eldvörp: Fornleifaskráning*. Fornleifavernd ríkisins 2008:7.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002. „Fornleifaskráning í Grindavík : 1. áfangi“. Fjölrit nr. FS192-02151. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

JJ: Jón Johnsen. 1947. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Kristborg Þórsdóttir. 2011. *Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum: Áfangaskýrsla I.* Fjölrit nr. FS460-07251. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson. 2008. *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar.* Fornleifafræðistofan.

Tómas Snorrason. 1929. „Grindavík: samgöngubætur“ *Ægir,* 22. árgangur, 4. tbl. bls. 76-78.

SSGK: *Sýslu- og sóknarlýsingar.* 1937-1939. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík.

Ómar Smári Ármannsson. 2012. *Grindavíkurvegir: saga og minjar. Samantekt um Grindavíkurvegina og vegagerð frá landnámi til nútíma með megináherslu á fyrsta akveginn er lagður var til Grindavíkur á árunum 1914-1918.* Ómar Smári Ármannsson fyrir Vegagerðina.

Óútgefnar heimildir

Ö-Hóp AG: Örnefnaskrá Hóps. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Ö-Járngerðarstaðir: Örnefnaskrá Járngerðarstaða. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Ö-Járngerðarstaðir ath: Athugasemdir við Örnefnaskrá Járngerðarstaða. Sæmundur Tómasson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

VIÐAUKI

LISTI YFIR ÖLL HNIT

Samtala	X	Y
GK-016:017	331796	378730
GK-016:059	331956	379967
GK-017:027	331089	376061
GK-017:127	332157	383074
GK-017:133	331956	386009
GK-017:134	332019	384832
GK-017:135 1	332050	384675
GK-017:135 2	332168	383095
GK-017:136	3321067	384542
GK-017:137	332150	383400
GK-017:138	332170	382662
GK-017:139 1	332200	383251
GK-017:139 2	332200	383256
GK-017:140 1	332124	382277
GK-017:140 2	332133	382255
GK-017:140 3	332133	382250
GK-017:140 4	332145	382261
GK-017:140 5	332153	382256
GK-017:141 1	331997	380976
GK-017:141 2	332009	380974
GK-017:142	331939	380209
GK-017:143 1	332056	380523
GK-017:143 2	332054	380505
GK-017:144	332137	382364
GK-117:064	332419	388036
GK-661:001 1	331885	387104
GK-661:001 2	331993	386999
GK-661:001 3	332016	385574
GK-661:001 4	332190	383314
GK-661:001 5	332188	382827
GK-661:001 6	332090	381916
GK-661:001 7	332061	381104
GK-661:001 8	332039	380683
GK-661:001 9	331949	380101
GK-661:001 9	331908	379786
GK-661:001 10	331880	379241

MINJAKORT

Kort 1

N

117064

661001 1

661001 2

017133

0 100 200 300 400 m

Kort 2

N

017133

661001 3

017134

017135 1

017136

017137

661001 4

017139 2

017139 1

017135 2

017127

0 100 200 300 400 m

Kort 3

N

017135 2
017127
661001 5
017138
017144
01714001
01714004
01714003
01714005
661001 6
661001 7
01714101
01714102
661001 8
017143 1
017143 2
017142

0 100 200 300 400 m

Kort 4

N

017142

661001 9

016059

661001 9

66100110

016017

0 100 200 300 400 m

Kort 5

N

017027

0 100 200 300 400 m